

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2021, fimmtudaginn 15. júlí var haldinn 42. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 13:00. Eftirtalinn fulltrúi innkaupa- og framkvæmdaráðs tók sæti á fundinum Ellen Calmon, aðrir ráðsmenn tóku sæti með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsinu nr. 354/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að framlengja heimild í auglýsingu 230/2020 skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Björn Gíslason. Einnig sat fundinn Eypóra Kristín Geirsdóttir frá embætti borgarlögmanns með fjarfundarbúnaði og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fundarritari var Margrét Lilja Gunnarsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júlí 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Verksýn ehf. í útboði 15199 – Kleppsvegur 150-152 og Safamýri 5 – umsjón og eftirlit. R21050255.
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram erindi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 8. júlí 2021, varðandi töku tilboðs lægstbjóðanda Hreint ehf. í útboði 15178 – um ræstingar í Ráðhúsi Reykjavíkur, Borgartúni 12-14 og Tjarnargötu 12. R21050248.
Samþykkt.

Aldís Geirdal Sverrisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 12. júlí 2021, varðandi töku hagkvæmasta gilda tilboðs MainManager ehf. í samkeppnisútboði 14945 – Eignaumsjónarkerfi, hugbúnaðarlausn fyrir umhverfis- og skipulagssvið. R21020138.
Samþykkt.

Aldís Geirdal Sverrisdóttir og Sigurlaug Björg Stefánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 13:25

Sabine Leskopf

Ellen Calmon

Björn Gíslason